

# Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð 1 tbl. 25. árgangur 2020

## Frá formanni

Kæru félagar í FÁT, fyrirhuguð Vorsýning 2020 sem halda átti helgina 18 – 19. apríl, verður ekki haldin sökum samkomubanns og þess ástands sem Covid-19 veirufaraldurinn hefur skapað í þjóðfélaginu.

Við vorum með skemmtilega og áhugaverða dagsskrá fyrir félagsmenn okkar á síðasta ári og í byrjun þessa árs. Í byrjun þessa árs, þá var haldið opið hús hjá Arngrími Sigurðssyni listamanni. Arngrímur var með sýnikennslu á því hvernig hann vinnur skúlpúra í Við með slípirokk, fræsara og keðjusög, mjög áhugavert að fá að fylgjast með honum. Á haustmánuðum 2019 fórum við í tvær skemmtilegar ferðir, ein á Selfoss til Úlfars Sveinbjörnssonar tré útskurðarmanns og Brynju Hamskera og seinna skoðuðum við listasafn Einars Jónssonar í Reykjavík með leiðsögn um safnið.

Aðalfundurinn okkar var haldinn 15. febrúar síðastliðinn og var hann eins og alltaf málefnalegur og góður. Engin breyting varð á stjórn félagsins. Á aðalfundinum voru rædd húsnæðismál og fleira markvert sem stjórnin er að skoða.

Félagsmenn eru hvattir til að senda Brýninu okkar stuttar greinar um tréskurð eða skylt efni og koma með ábendingar eða hugmyndir hvað mætti taka upp í félagsstarfinu. Félagið verður aldrei virkara en félagsmenn þess eru og vonast ég til að sjá sem flesta taka þátt í starfinu með okkur og hvet félagsmenn að fylgjast með á heimasíðunni okkar.

Dagsskráin er auglýst á baksíðu Brýnisins.

Kærar kveðjur,  
Víðir Árnason, formaður FÁT

Sendandi: Félag áhugamanna um tréskurð  
Pósthólf 130  
202 Kópavogur

**19.10.2019** Ferð á Selfoss. Handverk listamanna skoðuð á Selfossi, hjá þeim Úlfari Sveinbjörnssyni og Brynju Hamskera. Félagar komu saman hjá Heimilisiðnaðarfélaginu í Nethyl klukkan 10 um morguninn, þar sem beið okkar 16 manna rúta. Fyrsta stopp hjá okkur var opið hús hjá Úlfari Sveinbjörnssyni. Úlfar tók vel á móti hópnum og sýndi okkur aðstöðu sína, verkfæri og verk. Úlfar tálgar fugla og rennir einnig í skálar o.fl.. Bleiki Flamingóinn sem sést hérna í mynd, tálgaði hann í tilefni Bleiku slaufunnar sem er tileinkað baráttu gegn krabbameini hjá konum og er einkennislitur mánaðarins bleikur. Úlfar tálgaði fjöldann allan af þessum Flamingó fuglum og fóru þeir allir til styrktar Bleyku Slaufunnar.



Eftir ánægjulega og góða stund hjá Úlfari Sveinbjörnssyni voru ferðalangar orðnir svangir og var því ákveðið að koma saman og fá sér humarsúpu inni í Tryggvaskála. Úlfar mætti á Vespunni sinni.



Eftir Indælis humarsúpu að hætti Tryggvaskála var förinni heitið til hennar



Brynju Hamskera sem býr í hverfinu hinum megin við brúna (norðan megin). Brynja er mjög fær hamskeri og mikil listakona, hún vinnur einnig talsvert við leirbrennslu.



**16.11.2019** Skoðunarferð í Listasafn Einars Jónssonar. Í huga Einars var það skylda listamannsins að fara sína eigin leið. Í sýningarsal Einars Jónssonar sést það glögglega hversu ríka áherslu Einar lagði á ímyndunaraflíð, fantasíuna og að vinna sín verk á eigin forsendum. Mjög áhugaverð og skemmtileg sýning á verkum Einars.



**18.1.2020** Opið hús hjá Arngrími Sigurðssyni listamanni. Arngrímur bauð félagsmönnum FÁT að heimsækja verkstæði sitt. Arngrímur sækir innblástur fyrir verk sín í vísindi, vísindaskáldskap og allan ímyndaðan veruleika. Arngrímur hefur einbeitt sér að olímálun og blönduðum skúlptúr. Undanfarið hefur hann unnið við steinskurð sem hann vonast til að þróa meira í framtíðinni.



---

# Handverks sýningar 2020

---

Það er mikil gróska í Íslensku handverki allt árið um kring. Eftirfarandi eru handverksýningar sem eru framundan 2020 sem engin má missa af.

## H A N D V E R K S H Á T Í Ð H R A F N A G I L I

Handverkshátíðin að Hrafnagili, Eyjafjarðarsveit verður haldin í 28. skipti dagana 6.-9.ágúst árið 2020.

Þetta mun vera 28. hátíðin frá upphafi og hefur hún verið afar vinsæl hjá handverksfólki hingað til og stundum hafa færri komist að en vilja. Því er um að gera að sækja sem fyrst um þátttöku. Hátíðina sækja 10-15 þúsund manns árlega og er Handverkshátíðin því frábær vettvangur fyrir handverksfólk og hönnuði til að kynna sig og selja vörur sínar.

Vegna Covid-19 veiru faraldurs og samkomubanns, þá er enn óvíst með margar samkomur sem hafa verið skipulagðar með löngum fyrirvara að þær verði haldnar og jafnvel tímar þeirra hafa færst til. Fylgjast þarf því með því.

Opið hús sem átti að vera hjá Ingólfi Sigurjónssyni í mars, varð því miður að fresta vegna samkomubanns. Við munum leitast eftir því að halda opið hús hjá Ingólfi, síðar.

## Heima í bílskúrnum

Covid-19 faraldurinn hefur sett sitt mark á starfsemina og samkomubann er í gildi. Hjörtur Árnason hefur verið að vinna að verkefni sem hann ætlaði að vera með inni á vorsýningu FÁT og látum við fylgja hérna með nokkrar myndir af útskurðar verkefninu hans síðustu vikur. Heimsækjum Hjört inn í bílskúr.

Fyrr á þessu ári þá fékk ég þá hugmynd að skera út Keltneskan Kross. Alltaf verið heillaður af Keltnesku mynstri. Ég fann til fjöl sem ég átti og var búinn að vera með lengi inni í



heitum bílskúrnum. Fjölin angaði af kanil og blómailm, ég er nokkuð viss um að þetta sé rósaviður. Léttur viður en frekar þurr og flísaði talsvert úr honum vegna þess hversu þurr hann var. Ég byrjaði á því að teikna upp á bökunarpappír, mynstur sem ég teiknaði svo inn á fjölin. Ég var ekki alveg ánægður með hvernig það tókst til og ákvað að handteikna þetta betur og gerði m.a. breytingu á mynstrinu sem mér fannst koma betur út. Ég sótti mér innblástur á netinu, leitaði að Keltnesku mynstri. Ég ákvað að skera krossinn fyrst út á fjölinu og vinna í honum þannig. Útkoman kom mér skemmtilega á óvart og gaman var að sjá hvernig krossinn lifnaði við eftir að ég var búinn að saga hann út úr fjölinni. Hérna eru nokkrar myndir af þessu ferli hjá mér. - Hjörtur



## Dagsskrá 2020

### Dagsskrá– 2020

**Frestað! 21.3.2020** Opin hús hjá Ingólfi Sigurjónssyni var frestað.  
Frekari upplýsingar síðar á heimasíðu félagsins [www.treskurdur.is](http://www.treskurdur.is)

**Frestað! 18 - 19.4 2020** Vorsýning FÁT.

**Fylgist með, dagskrá 2020 verður auglýst betur síðar til félagsmanna.**

Félagsmenn eru hvattir til að senda Brýninu stuttar greinar um tréskurð eða skylt efni og koma með ábendingar eða hugmyndir hvað mætti taka upp í félagsstarfinu.

### Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð  
Netfang: [treskurd@gmail.com](mailto:treskurd@gmail.com) Heimasíða: [treskurdur.is](http://treskurdur.is)  
Ritstjórn er stjórn félagsins. Ábm. Víðir Árnason

### Stjórn FÁT



Sendandi: Félag áhugamanna um tréskurð  
Pósthólf 130  
202 Kópavogur